

**REYKHOLT Í BLÁSKÓGABYGGÐ**  
**Deiliskipulagsbreyting í Tungurima**  
**15.04.2025**

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	- 9 júlí 2025
Mál nr.	



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 2, mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 07.05.25

f.h. Bláskógabyggðar

  
Þórir Þórðar Þorláksson

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 14.05.2025 til 14.06.2025.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 02.07.25

#### UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

111866-DSKBR-001-V01

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

XXX

**EFNISYFIRLIT**

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
3.1	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	4
4	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	5
4.1	Breytingar á deiliskipulagsuppdrætti	5
4.2	Breytingar á greinargerð	5
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
5.1	Umhverfisáhrif	6
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	6

## 1 INNGANGUR

Bláskógbabyggð vinnur að breytingu á lóðinni Tungurima 2 í Reykholti. Óskað hefur verið eftir að fá að vera með hleðslustöð á hluta lóðarinnar og tilheyrandi bílastæði og mannvirki. Lóðin er óbyggð.

Stærð deiliskipulagssvæðis er um 0,4 ha.

Deiliskipulag fyrir Reykholt var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í maí 2019. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á því. Að öðru leyti en því sem greint er frá í þessari breytingu þá gilda skilmálar eldra deiliskipulags, með síðari breytingum.

### 1.1 Skipulagsgögn

- Deiliskiplagsuppdráttur í mkv. 1:2000 sem sýnir gildandi og breytt skipulag.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfismatsskýrslu.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Lóðin Tungurimi 2 er óbyggð og þar er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Hugmyndir eru um að nýta hluta lóðarinnar fyrir hleðslustöð og tilheyrandi mannvirki. Staðsetning lóðarinnar þykir heppileg í næsta nágrenni við tjaldsvæði, veitingastaði, verslun og hótel. Auk þess sem aðkoma er greið og stutt í nauðsynlegar veitur.

## 3 TENGLS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 3.1 Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015-2027

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi sameiginleg markmið sem gilda fyrir þéttbýlisstaði sveitarfélagsins:

- Skapa skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, aðstöðu fyrir lítil fyrirtæki og unnið að uppbryggingu ferðaþjónustu.

**TAFLA 1.** Skilmálar aðalskipulags fyrir verslunar- og þjónustusvæðið.

NR	HEITI	LÝSING
Vþ34	Heimamýri	Á svæðinu er verslun og bensínsala ásamt veitingastað og banka. Gert er ráð fyrir frekari uppbryggingu á svæðinu, m.a. bygginu hótels eða gistiheimilis á 1-2 hæðum. Fjöldi gistiþýma getur verið allt að 40. Hluti svæðisins er deiliskipulagður. Stærð er 4,2 ha.

Breytt deiliskipulag er í samræmi við skilmála aðalskipulags.

## 4 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Gerð er breyting á deiliskipulagsuppdrætti og greinargerð.

### 4.1 Breytingar á deiliskipulagsuppdrætti

Lóðinni Tungurima 2 er skipt í tvær lóðir, Tungurima 2 og Tungurima 2a. Sett er inn gönguleið að veitingastað og verslun sem er í nágrenninu. Gerð er ný afrein af Tungurima og afmarkaður byggingareitur fyrir spennistöð


### 4.2 Breytingar á greinargerð

Texti í gildandi skipulagi

LÓÐ	BYGGINGARHEIMILDIR	FJÖLDI HÆÐA	NÝTINGAR-HLUTFALL
Tungurimi 2, 4 og 6	Lóðirnar geta nýst fyrir skrifstofu- eða verslunarstarfsemi. Einnig er heimilt að byggja hótel/gistiheimili með allt að 40 gisti.	1-2	0,5

Texti í breyttu skipulagi

LÓÐ	BYGGINGARHEIMILDIR	FJÖLDI HÆÐA	NÝTINGAR-HLUTFALL
Tungurimi 2a, 4 og 6	Lóðirnar geta nýst fyrir skrifstofu- eða verslunarstarfsemi. Einnig er heimilt að byggja hótel/gistiheimili með allt að 40 gisti.	1-2	0,5
Tungurimi 2	<p>Heimilt er að vera með hleðslustöð og tilheyrandi mannvirki, s.s. spennistöð, lagnir og hleðslustaura. Spennistöð getur verið allt að 15 m<sup>2</sup>, mænishæð allt að 4 m. Nýta skal trjágróður eða runna til að draga úr umfangi bílastæðis.</p> <p>Heimilt er að vera með lýsingu og skal hún vera látlaus og ljósínu beint niður og að þeim flötum sem þarf að lýsa.</p> <p>Kvöð er á lóðinni um að komu að Tungurima 2a og um lagnabelti á norðausturhluta hennar.</p>	1	



**MYND 1.** Skýringarmynd. Mögulegt fyrirkomulag hleðslustæða á Tungurima 2.

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Gerð er grein fyrir helstu umhverfisáhrifum af stefnu í breyttu deiliskipulagi.

### 5.1 Umhverfisáhrif

**Áhrif á samfélag eru jákvæð.** Hleðslustöð kemur bæði til með að nýtast íbúum og gestum og bætir þjónustu við þá sem aka um á rafknúnum ökutækjum.

**Áhrif á loft eru jákvæð.** Fjölgun rafhleðslustöðva gerir íbúum og gestum kleift að ferðast um á rafknún-um ökutækjum. Við það dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin óveruleg.

### Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni enda hjálpar hún til við orkuskipti í samgöngum, bætir þjónustu við íbúa og gesti og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda þegar auðveldara verður að ferðast um á rafknúnum ökutækjum.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagsbreytingin er unnin og kynnt skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Brunavarnir Árnессýslu
- Rarik